

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 2. október 2024:

Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Í ljósi hörmulegs banaslyss sem varð við Sæbraut fyrir skemmstu leggur fulltrúi Flokks fólksins til að hefjast skuli handa strax við að byggja bráðabirgða göngubrú yfir Sæbraut við gatnamót við Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg og einnig að komið verði nú þegar upp snjallstýrðum gangbrautarljósum sem les umferðarflæði, aðstæður og hreyfingar vegfarenda.

Greinargerð

Snjallstýrð ljósastýringarkerfi og gangbrautir eru við lýði í þeim löndum sem við berum okkur saman og því mikilvægt að koma þeim upp hið fyrsta á þessu svæði og víðar í Reykjavík þar sem umferðin er mikil og umferðaröryggi lítið. Vogabyggð er orðin fjölmenn byggð, en þannig er málum háttað að börnin í hverfinu þurfa daglega að fara yfir Sæbrautina til að sækja skóla, frístundir og fleira. Því miður virðist oft þurfa alvarlegan atburð til að farið er í alvöru úrbætur. Íbúar hafa lengi verið að kalla eftir úrbótum og hefur Flokkur fólksins ítrekað óskað eftir betrubótum og að hraða máli vegna hættunnar þarna. Síðasta bókun Flokks fólksins var í janúar á þessu ári til að ítreka þetta mál. Segir í henni að Flokkur fólksins hafi margsinnis talað um og bókað um hversu hættulegt þetta svæði er gangandi vegfarendum og fagnar þess vegna tímabundinni göngu- og hjólabrú yfir Sæbraut. Sífelld er talað um “tímabundna” brú en þarna þarf auðvitað að tala um varanlega lausn og snjallstýrð gangbrautarljós. Flokkur fólksins lagði fram tillögu í júní 2022 um að strax yrði hafist handa við að byggja bráðabirgða göngubrú yfir Sæbraut við gatnamót við Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg. Vogabyggð er orðin fjölmenn byggð. En í dag bólar ennþá ekkert á þessari framkvæmd. Íbúar Vogabyggðar hafa þurft að takast á við ótta um öryggi barna sinna allt of lengi og gangandi vegfarendur eru í stöðugri hættu.